

## Friðheimar eru handhafi nýsköpunarverðlauna SAF 2017

Nýsköpunarverðlaunum Samtaka ferðapjónustunnar er ætlað að hvetja frumkvöðla landsins til dáða í ferðapjónustu. Þetta er í fjórtánda sinn sem SAF veita nýsköpunarverðlaun samstakanna en þetta árið bárust 25 tilnefning í samkeppnina um verðlaunin. Við mat á tilnefningum er horft til margvíslegra þátta svo sem eðli nýsköpunar, markaðslegs mikilvægis og hvort starfsemin stuðli að dreifingu ferðamanna í tíma og rúmi. Þau fyrirtæki sem koma til greina þurfa að vera aðilar að SAF.



Dómnefndina skipuðu þau Grímur Sæmundsen, formaður Samtaka ferðapjónustunnar og formaður dómnefndar, Marín Magnúsdóttir, framkvæmdastjóri viðburðadeildar CP Reykjavík og fulltrúi fyrirtækja innan SAF og Guðrún Þóra Gunnarsdóttir, forstöðumaður Rannsóknamiðstöðvar ferðamála.

Mikilvægi ferðapjónustu í íslensku þjóðlífi er öllum ljóst. Vöxtur greinarinnar hefur verið fordæmalaus á undanförunum árum. Við þær kringumstæður er áriðandi að fyrirtæki í greininni vandi vel til verka og hafi getu til þess að vinna á fagmannlegan hátt með auðlindir íslenskrar náttúru og menningar. Það er því ánægjulegt að geta þess að tilnefningarnar í ár endurspeglar mikla grósku og nýsköpun bæði í afþreyingu sem og í ýmsum nettengdum þróunarverkefnum. Dómnefnd var þó einhuga í vali á því fyrirtæki sem í ár hlýtur nýsköpunarverðlaun SAF en það er fyrirtækið Friðheimar í Bláskógabyggð.

### Rökstuðningur dómnefndar:

*Helena Hermundardóttir og Knútur Rafn Ármann eigendur Friðheima eru miklir frumkvöðlar á sínu sviði en þau hafa tvinnað saman tómataræktun, ferðapjónustu og hestamennsku og taka árlega við vel á annað hundrað þúsund ferðamönnum.*

*Helena og Knútur voru fyrst til að flétta saman ferðapjónustu og garðyrkju með áherslu á fræðslu um matvælaframleiðslu á Íslandi sem byggir á hreinni náttúru og orkugjöfum ásamt því að bjóða upp á veitingar beint frá býli. Gestir fá að skyggjast inn í líf og störf heimamanna*

og eru í raun að heimsækja fjölskyldu og fyrirtæki þeirra. Leitast er við að veita hverjum og einum gesti hlýjar móttökur, fræðslu og einstaka matarupplifun. Friðheimar eru skapandi í fræðslu og upplifun þar er til dæmis boðið upp á stuttar hestasýningar á fjölmörgum tungumálum og áhersla lögð á sögu og sambúð manns og hests frá landnámi. Allt sem til fellur í tómatáframleiðslunni er nýtt í veitingahúsinu og í afurðir sem eru seldar sem matarminjagripir og hafa slegið í gegn um allan heim. Erlendir fjölmiðlar hafa veitt Friðheimum mikla athygli og fjölmargir þeirra hafa komið í heimsókn og m.a. tekið upp matreiðsluþætti þar.

Friðheimar eru einn fjölsóttasti viðkomustaður ferðamanna í Uppsveitum Árnassýslu og koma í vinsældum næst á eftir náttúruperlunum á Gullna hringnum. Friðheimar eru með vottun Vakans sem viðurkennd ferðaþjónusta og veitingastaður ásamt því að vera með brons þegar kemur að umhverfisviðmiðum Vakans. Fyrirtækið hefur einnig skrifað undir viljayfirlýsingu um ábyrga ferðaþjónustu sem Íslenski ferðaklasinn og FESTA (miðstöð um samfélagsábyrgð) bera ábyrgð á. Þá hlutu Friðheimar Landbúnaðarverðlaunin fyrir frumkvöðlastaf og fyrirmyndarþúska árið 2014.

Starfsemi Friðheima er lýsandi dæmi um það hvernig ferðaþjónusta er í sívaxandi mæli að skapa ný tækifæri fyrir hefðbundnar atvinnugreinar um land allt og að greinin er besta tæki til jákvæðrar byggðaðróunar, sem fram hefur komið í íslensku þjóðlífi á undanförunum árum. Nýsköpun af þessu tagi byggir á fagmennsku og þekkingu á landbúnaði og garðyrkju sem er síðan grundvöllur að vörubrúun í ferðaþjónustu þar sem fræðsla og upplifun eru í fyrirrúmi. Þau Knútur og Helena eru því verðskuldaðir handhafar nýsköpunarverðlauna SAF árið 2017.“

16. nóvember 2017

Dómnefnd nýsköpunarverðlauna Samtaka ferðaþjónustunnar 2017:

Grímur Sæmundsen, formaður Samtaka ferðaþjónustunnar og formaður dómnefndar  
Marín Magnúsdóttir, frkv.stjóri viðburðadeildar CP Reykjavík og fulltrúi fyrirtækja innan SAF  
Guðrún Þóra Gunnarsdóttir, forstöðumaður Rannsóknamiðstöðvar ferðamála